

1866.  
19. maí.

og meðdómendunum í yfirrættinum, til þess að íhuga og senda síðan hingað álitsskjal yðar um, með hverjum breytingum gæti orðið umtalsmál að lög þessi yrðu leidd í lög á Íslandi, og eruð þér sérílagi bednir að ræða það atriði, hvort ekki mætti setja aðra hegningu, er betur ætti við, í staðinn fyrir vandarhagga refsingu þá, sem beita á samkvæmt tilskipun 24. janúar-mán. 1838, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

23. maí.

**50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-mannsins yfir Íslandi, um þóknun til Jóns málaflutningsmanns Guðmundssonar fyrir störf hans í nefndinni til að ræða um fyrirkomulag latínuskolans í Reykjavík.**

Frá konungsfulltrúa á síðasta alþingi hefir stjórnarráðinu borizt bænarskrá til þingsins, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, og alþingi hefir vísað til úrskurðar stjórnarinnar; er bænarskráin frá mönnum þeim, er sátu í nefndinni, sem sett var eptir fyrir-mælum kirkju- og kennslustjórnarinnar í bréfi 22. maímán. 1862, til þess að ræða um umbætt fyrirkomulag á hinum lærða skóla í Reykjavík, og beiðast þeir liðsinnis alþingis til þess, að þeim verði veitt hæfileg þóknun fyrir störf sín í nefndinni. Þá er konungsfulltrúi sendi hingað bænarskrá þessa, gat hann þess, að sér fyndist ekki vera nægar ástæður til að veita þeim af nefndarmönnum, sem eru konunglegir embættismenn, en það eru þeir allir nema Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við landsyfirrættinn, neina þóknun fyrir starfa þann, sem þeim þannig var falinn á hendur í góðu trausti og í virðingar skyni; en þar á móti virðist sér sanngjarnt, að Jóni málaflutningsmanni Guðmundssyni sé veitt hæfileg þóknun fyrir tímatöf þá og vinnu, sem hann hefir haft sem nefndarmaður.

Kirkju- og kennslustjórnin fellst á álit það, sem konungsfulltrúi hefir látið í ljósi um þetta efni, og skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það,

að Jóni Guðmundssyni, málafærslumanni við landsýslaréttinn í Reykjavík, er veitt 100 ríkisdala þóknun fyrir störf hans í nefndinni, en að stjórnarráðinu ekki hafa þókt vera nægar ástæður til að veita hinum nefndarmönnum neina þóknun fyrir þetta. Því skal við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið skrifað hëðan, um að borga Jóni málafærslumanni Guðmundssyni þessa 100 rd. af fê því, sem til fært er í fjárhagslögnum 9. gr. VI C.

1866.  
23. maí.

**51. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að Kjalarness hreppur eigi að greiða fátækra styrk, er Þorkell Magnússon hafði fengið úr fátækra sjóði Reykjavíkur.**

25. maí.

Útaf skjali því, er þér, herra stiptamtáður, hafð sent hingað með brêfi 9. marzmán. þ. á., þar sem Bjarni Bjarnason, hreppstjóri í Kjalarness hreppi, ber sig upp undan, að krafizt sè, að sinni hyggju ranglega, að Kjalarness hreppur endurgjaldi Reykjavíkur kaupstað 8 rd. 94 sk., sem borgaðir voru veturinn 1860—61 úr bæjarsjóðnum til framfæris Þorkeli Magnússyni og hyski hans, sem annars er viðurkennt að eigi sveit á Kjalarness hreppi, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjöríð það, að úrskurður sá, sem stiptamtíð hefir lagt á málið, og ákveður að Kjalarness hreppur eigi að endurgjalda Reykjavíkur kaupstað fê þetta, á að vera óhaggaður.

**52. Brêf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um íslenzkar kennslubækur í neðstu bekkjunum í latínuskólanum.**

25. maí.

Hinn æðsti umsjónarmaður með kennslunni í hinum lærðu skólum í Danmörku, Maðvíg konferenzráð, hefir eptir áskorun stjórnarráðsins samíð álitsskjal það, er fylgir með brêfi þessu,